

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 40/97
frá 27. júní 1997**

um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn
um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 47 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/96 frá 29. febrúar 1996⁽¹⁾.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3011/95 frá 19. desember 1995 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 823/87 um sérstök ákvæði um gæðavín sem framleidd eru í tilgreindum héruðum⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 16. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 823/87) í 1. viðbæti við bókun 47 við samninginn:

„- 395 R 3011: Reglugerð ráðsins (EB) nr. 3011/95 frá 19. desember 1995 (Stjttíð. EB nr. L 314, 28. 12. 1995, bls. 14).“

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 102, 25. 4. 1996, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 11, 25. 4. 1996, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 314, 28. 12. 1995, bls. 14.

2. gr.

Fullgiltur texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3011/95 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júlí 1997, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 27. júní 1997.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

C. Day

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner